




NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Arnarfjörður á miðöldum

Framvinduskýrsla 2017



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr.21-18
Júní 2018

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
2. AÐFERÐAFRÆÐI	3
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ.....	3
Rannsóknir á Hrafnseyri sumarið 2017	3
Undigangur.	4
Könnunarskurður neðan við 10. aldar jarðhýsi á Hrafnseyri.....	9
Könnunarskurður milli núverandi kirkjugarðs og gamla kirkjugarðs á Hrafnseyri.	9
Borkjarnarannsókn á Hrafnseyri.....	10
Auðkúla.....	11
Bænhús og kirkjugarður á Auðkúlu.	12
Skálinn á Auðkúlu.	14
Steinsetning.....	17
.....	18
Lokaorð	19
Sýnishorn af gripum sem fundust sumarið 2017.....	20
.....	27

1. INNGANGUR

Rannsóknin Arnarfjörður á miðöldum hefur staðið yfir undanfarin ár á tveimur jörðum við norðanverðan Arnarfjörð. Rannsóknin fór Rannsóknin sumarið 2017 hófst þann 1. ágúst og lauk þann 30. September. Við rannsóknanna störfuðu sumarið 2017 fornleifafræðingarnir Margrét Björk Magnúsdóttir, Sólrún Inga Traustadótti, Rúna Þráinsdóttir, Silvía Arnarsdóttir, Kristín Ragnarsdóttir og Dr. Lara Hogg. Einnig starfaði tímabundið við rannsóknina einn sérfræðingur Dr. Guðny Zoëga fornleifa og mannabeinafræðingur.

Stjórnandi rannsóknar var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur.

Rannsóknin er unnin af fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í samstarfi við Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og Prófessors embætti Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri en Dr. Guðmundur Hálfánarson prófessor gengir því embætti í Háskóla Íslands. Rannsóknin hlaut styrk frá Fornminjasjóði og frá Prófessors embætti Jóns Sigurðssonar í Háskóla Íslands.

Við viljum þakka staðarhöldurum á Hrafnseyri þeim Valdimar Halldórssyni og Ólöfu Oddsdóttur og hjónunum á Auðkúlu þeim Hreini Þórðarsyni og Hildigunni Guðmundsdóttur fyrir velvilja og aðstoð við rannsóknina. Dr. Guðmundur Hafdánarson prófessor fær bestur þakkir fyrir stuðning og velvild.

Hrafnseyri rannsóknarnúmer Minjastofnunar 201506-0064. Þjóðminjasafns númer 2017-36

Auðkúla rannsóknarnúmer Minjastofnunar 201506-0065. Þjóðminjasafns númer 2017-35

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Við rannsóknina er notuð single context-aðferðafræði þar sem hver eining er grafin upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Gripir eru skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Rannsóknin fór fram á tveimur jörðum sumarið 2017, annars vegar Hrafnseyri og hinsvegar á svæði við Dysjargil í landi Auðkúlu sem kallast Partur.

Rannsóknir á Hrafnseyri sumarið 2017

Markmið rannsóknarinnar á Hrafnseyri fyrir sumarið 2017 eru nokkur. Áformað var að rannsaka frekar hinn svokallaða *Undirgang* sem er dæld í túninu meðfram gamla kirkjugarðinum og reyna að freista þess að staðfesta, eða hafna, þeirri kenningu að um sé að ræða flóttagöng frá miðöldum sem getið er um í munnmælum. Einnig átti að taka könnunarskurði þar sem sáust frávik í

fjarkönnunarrannsókn sem gerð var sumrið 2014. Að lokum átti að gera borkjarnarannsókn til þess að staðsetja mannvistarleifar í túni.

Undirgangur

Sumarið 2015 var gerður lítill könnunarskurður við hornið á gamla kirkjugarðinum þar sem munnmæli hermu að flóttagöng hefðu verið úr skála og út í brekkuna þar sem menn áttu að komast óséðir. Strax þá kom í ljós manngerður strúktúr með torfi og niðurgrefti sem myndaði rennu sem var full af ruslalagi¹. Sumarið 2016 var opnað stærra svæði og skýrði það enn frekar að þarna var um að ræða torfveggi og niðurgroft á milli, sem fullur var að ruslalagi. Það sem hamlaði rannsókninni var að kirkjugarðsveggur, sem er friðlýst fornleif, hafði hrunið yfir vegginn í niðurgreftrinum og hamlaði rannsókn þar sem ekki var hægt að rannsaka vegginn undir hruninu úr kirkjugarðsveggnum².




Mynd 1. Göngin voru mjög skýr og veggir háir nærri þar sem útdingur hefur verið. Gangnaopið var raskað.



Mynd 2. Myndin sýnir þau tvö svæði sem rannsökuð voru á Undirgangi.

¹ Margrét Hallmundsdóttir 2016:9

² Margrét Hallmundsdóttir 2017:13



Teikning 1. Undirgangurinn liggur meðfram kirkjugarðsvegg og hrundi hann yfir Undirganginn. Tilgátuteikning Dr. Ragnar Edvardsson.

Undirgangur svæði 1-2017

Því var ákveðið að sumarið 2017 yrði grafið þar sem undirgangurinn lá ekki við kirkjugarðinn. Einnig var þess freistað að finna op undirgangsins þar sem þau koma út í brekkunni. Þegar nýja svæðið neðan kirkjugarðs hafið verið opnað kom í ljós sami niðurgröftur og fannst 2015-16 og eins var að finna torf [604] beggja vegna þar sem niðurgröftur [607] milli torfsins var fylltur með ruslag [603]. Það varð ljós svo ekki verður um villst að um manngerðan niðurgröft var að ræða og leifar tveggja torfveggja beggja vegna við. Torfið í veggjunum er mjög útflatt og virðist sem þeir hafi verið hlaðnir úr einhverju grjóti líka þar sem niðurgröfturinn var með grjóti og grjót var innan um torfið. Torfið sjálft virðist hafa verið tekið í nágrenninu því að það var mikið af kolum í því sem litaði það svart eða grátt. Allt túnið á Hrafnseyri er mjög svart af kolum. Rannsóknir hafa sýnt að umfangsmikil kola og járngerð hefur farið fram á Hrafnseyri frá síðari hluta 9. aldar og fram á þá 10. Jarðvegurinn allur er meira og minna svartur sama hvar stungið er niður. Eins og áður sagði er ljóst að þarna er niðurgröftur með torfi til beggja hliða sem er staðsettur þar sem munnmæli herma að undirgangur hafi verið og örnefnið Undirgangur varðveist. Hinsvegar er erfitt að fullyrða að þessi niðurgröftur séu flóttagöng en erfitt er að skýra þau með neinum öðrum hætti. Þegar


kemur að brekkunni er beygja á undirganginum fram að lítilli skor í brekkunni sem gerir það að verkum að gangnamunni er hulinn fyrir þá sem standa á bæjarstæðinu og hægt að komast óséður út að sjó. Hafi niðurgröfturinn verði eitthvað annað en flóttagöng t.d veita að einhverju tagi hefði verið ólíklegt að beygja hefði verið sett á þau heldur hefðu þau verið látin vera í beinni línu fram af brekkunni. Þessi skor í brekkunni hylur hins vegar gangnamunnann og þá sem þar koma út. Þess var freistað að reyna að finna op gangna sem hefði geta staðfest að um flóttagöng var að ræða.



Mynd 3. Hluti gangna sem rannsakaður, mjög greinilegur niðurgröftur og torf beggja vegna. Tekið úr dróna.



Mynd 4. Þarna hefur torfið þornað og er mjög greinilegt.



Teikning 2. Flatateikning af svæði 1-2017 af göngum

Undirgangur. Svæði 2- 2017

Svæðið var 3,5x4,5 m var opnað við enda *Undirgangs* en þar sem göngin voru sögð hafa opnast reyndist allt raskað vegna þess að þar hafi verið settur niður hornstaur í girðingu og stórir steinar grafnir niður til að mynda festingu fyrir hornstaurinn. Einnig hafði ljósleiðari verið lagður yfir svæðið. Girðing var ekki tekin niður en myndaði bálk á milli. Hinum megin við girðinguna. Þar komu í ljós mjög skýr göng og torf veggir [604]mun hærri en á hinu svæðinu. Þar var sama sagan niðurgröfturinn var fullur af ruslalagi [603]. Það sem var merkilegt, auk þess að göngin voru mjög vel varðveitt á þessum stað, var það að undir ruslalagi mátti greina í prófil torf [609]. Þetta er hægt að túlka að þak hafi fallið niður og síðar hafi þessi renna verið fyllt upp með rusli því það er

Jú sá jarðvegur sem sífellt verður til og þarf ekki að flytja á staðinn. Niðurstöður á þriggja ára rannsókn á meintum undirgangi eru því að þó ekki sé hægt að fullyrða að þessi niðurgröftur eða renna séu flóttagöng, verður að teljast að sú skýring sé ekki ólíkleg á meðan ekki er hægt að færa rök fyrir annarri notkun. Fyrirhugað er að grafa upp undirgang í Selárdal til samanburðar sem talinn er frá sama tíma. Beðið er aldursgreininga á lífrænum leifum sem fundust neðarlega í ruslalagi í hinum meintu göngum sem geta að minnsta kosti varpað ljósi á það hvenær byrjað var að fylla þau með rusli.



Mynd 5. Þarna voru göngin eina skýrust rétt við þar sem útgangur hefði verið.

Könnunarskurður neðan við 10. aldar jarðhýsi á Hrafnseyri.

Grafin var líftill skurður sem var 50 cm á breidd og 3 m á lengd á svæði neðarlega á Hrafnseyrartúni neðan við þar sem grafið var upp 10. aldar jarðhýsi árin 2012-2013. Á þessu svæði sáust merki um eitthvað á loftmyndum. Ekki kom nein bygging í ljós á þessu svæði en svæðið var allt kolsvart í kolum eins og öll svæði sem opnuð hafa verið og sýna að umfang kola og járnvinnslu í túninu hafa verið umtalsverð og náð yfir mjög stórt svæði. Líklegt er að ofnar eða kolagrafir séu þarna nærri.



Mynd 6. Kolsvartur jarðvegur vegna kola og járngerðar.

Könnunarskurður milli núverandi kirkjugarðs og gamla kirkjugarðs á Hrafnseyri.

Grafin var könnunarhola á milli kirkjugarða á móts við hlið inn í gamla kirkjugarðinn. Tilgangurinn var að kanna hvort stétt lægi þar á milli, eins og dæmi eru um. Ekki fannst neitt sem benti til að svo hefði verið.



Mynd 7. Grjót kom í ljós en ólíklegt að það sé hluti af stíg.


Borkjarnarannsókn á Hrafnseyri.

Nokkrir borkjarnar voru teknir á Hrafnseyri. Athyglisverðustu niðurstöðurnar voru þær að rétt utan við girðingu á núverandi kirkjugarði fannst torf á nokkru dýpi. Sterkar líkur eru á því að skáli, samtíða kirkjunni, hafi verið þar sem núverandi kirkjugarður er. Reynslan sýnir okkur að kirkjur á miðöldum voru nærri bæ og oftast framan við þá. Gengið var inn í kirkjugarða beint frá bæ og passar hlið gamla kirkjugarðsins við það. Heimildir eru fyrir því að þegar gamli torfgarðurinn umhverfis kirkjuna var felldur, var hann felldur í lægð. Þetta torf var mjög djúpt miðað við aðrar minjar. Því verður að telja líklegra að þetta sé frá eldri byggingu, mögulega frá skála sem hefur



Mynd 8. Torf í borkjarna sem gæti verið úr suðurhlið skála.

staðið þar sem núverandi kirkjugarður er. Þórður Njálsson fyrrum bóndi á Auðkúlu talaði um það að þegar hann tók grafir í kirkjugarðinum á Hrafnseyri hefði hann séð merki um mannvist og hleðslur. Leiða verður líkum að því að skáli hafi einhverju sinni staðið þar sem núverandi kirkja og kirkjugarður standa.



Teikning 3. Tilgátuteikning sem sýnir líklega staðsetningu skála. Líklegra er þó að skálahurðin hafi snúið í átt að kirkju. Teikning Dr. Ragnar Edvardsson.

Auðkúla.

Rannsóknir hófust á Auðkúlu þegar rannsóknnum á Hrafnseyri lauk. Þar var grafið á fjórum svæðum. Lokið var við uppgröft á járnvinnslusvæði sem hófst 2016. Rannsóknir héldu áfram á bænhúsi og kirkjugarði. Stærra svæði 5x10 m var opnað í skálanum sem fannst með könnunarskurði árið 2013. Tilgangurinn var að átta sig á formgerð skálans og freista þess að fá fram aldursgreiningar með sýnum og mögulega gripasafni þar sem gjóskulög finnast ekki á Vestfjörðum. Einnig var hafin rannsókn á steinsetningu sem fannst við vettvangsrannsókn og er mögulega kuml. Steinsetningin var hreinsuð og teiknuð en verður grafin í sumar. Rannsóknin stóð yfir í þrjár vikur á Auðkúlu.



Mynd 9. Drónamynd sem sýnir uppgriftarsvæðin á C og D á Auðkúlu sumarið 2017.


Bænhús og kirkjugarður á Auðkúlu. Svæði C.

Guðný Zoëga mannabeinafræðingur og stjórnandi Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar var fengin til að rannsaka kirkjugarðinn og bænhúsið á Auðkúlu. Þar sem ekki fundust nein bein í þeim gröfum sem rannsakaðar voru var ákveðið að Guðný myndi koma að skoða bænahúsið [308] og kirkjugarðinn og starfa við rannsóknina í nokkra daga. Guðný gróf upp eina gröf. [gröf 5] Eins og í þeim fyrri reyndust ekki vera nein bein þar að finna. Guðný var þó sannfærð um það að þarna væri um að ræða kirkjugarð [307] og lítið bænhús [308]. Var mjög gott að fá staðfestingu hjá sérfræðingi sem hefur rannsakað jafn margar kirkjugarða og Guðný hefur gert. Hún var sammála að bænhúsið væri undarlega lítið en svo virðist sem að litlir bekkir [313] hafi verið langsum í húsinu til beggja hliða og hefur það ekki rúmað nema örfáar manneskjur. Kirkjugarðurinn er mjög dæmigerður fyrir kirkjugarða í frumkristni. Torflag hafði verið lagt ofan á náttúrulegt lag sem var mjög grýtt og grafir teknar í gegn um torflagið. Það að leggja torflag í kirkjugarða virðist hafa verið

venja í fumkristni. Mögulega hafa grafirnar verið tæmdar eins og dæmi sýna að gert var og var skylda samkvæmt lögum í Grágás. Merki um tæmingar á gröfum hafa fundist á Stöng, Stóru Seylu, Hrísrú og nokkrum öðrum stöðum. Oftast finnast þó einhver merki eins og eitt og eitt bein sem gleymst hefur. Hinsvegar er varðveisla mjög slæm á beinum í jafn grýttum jarðvegi og þarna er að finna. Það sannaðist við rannsókn á Hrafnseyri árið 2012 en hann er með svipuðum jarðvegi. Þar hafa grafir ekki verið tæmdar en varðveisla afskaplega slæm og 95% beina horfin með öllu. Það má því leiða líkum að því að þarna sé um að ræða heimagrafreit úr frumkristni með litlu bænhúsi, en þegar bær var yfirgefin hafi grafir verið tæmdar. Vísbendingar eru um að búsetu á jörðinni hafi verið hætt snemma á 11. öld. Guðný telur að ekki hafi verið margar grafir í þessum kirkjugarði þegar hann var aftekin.



Mynd 10. Torfleifar af litlu húsi í miðju kirkjugarðsins líklega lítið bænhús.



Teikning 4. Teikning af bænhúsinu og grögum 3 og 4. Teikning RP. Tölvuteikning MHH



Teikning 5. Drónamynd af bænhúsinu.

Skálinn á Auðkúlu. Svæði D.

Ákveðið var að opna fimm metra breitt svæði þar sem skálinn var staðsettur. Markmiðið með því var að kanna formgerð skálans til að geta borið hann saman við skálann sem grafin var upp á Grelutóptum, taka sýni og mögulega finna gripni sem gætu gefið vísbendingar um aldur þar sem ekki er hægt að nýta gjóskulög á Vestfjörðum til aldursgreiningar. Svæðið sem var opnað var talið vera langeldur og þar væri hægt




Mynd 11. Hinn gríðarstóri langeldur skálans.

að finna sýni til aldursgreiningar. Ekki áttum við von á því, þegar við mældum út fyrir 5x10 metra svæði, að þar væri að finna langeld[[404] sem fyllti út í alla fimm metrana, en svo varð raunin. Í ljós kom að þarna var mjög stór langeldur sem benti til þess að skálinn væri mun stærri en hægt er að greina á yfirborði. Þar sem gólf [405]endaði komu fram tveir bekkir og síðar breiðir veggir úr torfi og grjóti[406][407].



Mynd 13. Mynd tekin úr dróna, hér sést langeldur, gólf bekkir og veggir, sem og óvenjulegt eldstæði á bekk.




Mynd 12. Teikning sem sýnir afstöðu jarðlaga í skálanum á því svæði sem búið er að opna.

Það sem vakti nokkra furðu var að á bekknum sunnan megin í skálanum á mótí langeldinum var lítið grjóthlaðið eldstæði[427] sem virðist vera samtíma skálanum, þ.e. notað á sama tíma og langeldurinn. Við eldstæðið fannst svo heill snældusnúður. Þegar rannsókninni lauk sumarið 2017 er talið að búið sé að rannsaka 1/5 hluta af skálanum. Að minnsta kosti fimm stoðarholur komu

fram á síðustu dögum rannsóknarinnar. Reiknað er með að hann sé í raun 25-28 metrar á lengd. Við rannsóknina fundust 9 glerperlur sem eru dæmigerðar 10.aldar perlur. Þetta verður að teljast mikið magn af perlum þar sem ekki hefur verið rannsakaður nema lítil hluti skálans. Stærð skálans og gripasafn benda sterklega til þess að þarna hafi verið mikil efnismenning og mögulega stórbýli. Gripir sem fundust auk perlnanna voru dæmigerðir fyrir tímabilið á 10. og 11. öld en nokkrir gripir stóðu uppúr. Meðal þeirra voru þrír hlutar af silfurbergi sem fundust í gólfi og eru hugsanlega allir af sama steininum. Silfurberg er talið hafa verið notað sem sólarsteinn við siglingar, því með honum er hægt að greina hvar sól er staðsett á himni í skýjuðu veðri og sú er raunin með þennan stein. Ekki er vitað til þess að silfurberg hafi fundist í 10. aldar contexti áður. En lítil moli hefur fundist í kumli. Mikilvægt er að halda áfram rannsókn á skálanum.

Steinsetning Svæði E

Við vettvangsrannsókn fornleifafraeðingana sem störfuðu við rannsóknina rakst Dr. Guðný Zoëga á hækkun í landslagi nokkuð neðan við skálann. Hækkunin stendur á brún. Við nánari eftirgrennslan sást stórt grjót standa upp úr grasi sem virtist mynda sporöskjulagað form. Guðný hafi á orði að þarna væri mögulega kuml. Ákveðið var að hreinsa gras ofan af, en allar minjar eru rétt undir sverði á Auðkúlu. Þá birtist sporöskjulaga steinsetning sem virðist vera manngerð. Minnti hún mjög sterklega á kuml og var því ákveðið að teikna hana aðeins upp og loka svæðinu. Fáir dagar voru eftir af rannsóknartímabilinu og rannsóknarhópurinn að halda heim. Þótti skynsamlegra að halda rannsókn á þessu meinta kumli áfram árið eftir og vera þá með allt sem til þarf við uppgröft að þessu tagi. Nauðsynlegt er samstarf við forverði þar sem oft finnast mjög viðkvæmir gripir í kumlum. Spannandi verður að vita hvort óraskað kuml leynist innan steinsetningarinnar.



Mynd 14. Teikning af steinsetningunni.



Mynd 15. Mynd úr dróna af steinsetningunni. Taka verður fram að náttúrulegur jarðvegur á þessum stað samanstendur af minna grjóti en þarna sést og því er líklegt að þetta sé flutt á staðinn.

Lokaorð

Rannsóknin Arnarfjörður á miðöldum sem hófst með nokkrum könnunarskurðum sumarið 2011 hefur vaxtið og þróast ár frá ári. Þó svo að rannsóknin hafi einskorðast við tvær jarðir að mestu, Hrafnseyri og Auðkúlu, hefur fengist ótrúlega mikið af óvæntum upplýsingum sem varpa ljósi á þróun búsetu í Arnarfirði frá landnámi og fram á miðaldir. Sumarið 2017 var einstakt því þá kom í ljós að býið í landi Auðkúlu var ekki lítið miðaldabýli heldur stórbýli sem mögulega nær yfir tvo siði, heiðni og kristni. Þar er að finna einstaka minjaheild sem samanstendur af stórum skála, járnvinslusvæði, kirkjugarði, bænhúsi, líklegu kumli, fjósi, stórri smiðju, túngarði og öskuhaug. Auk þessa eru þar líklega fleiri minjar. Þessar minjar er hægt að setja í samhengi við rannsóknir sem hafa farið fram á Hrafnseyri og Grelutóptum en ekki er algengt að hægt sé að vinna með efni frá þremur jörðum frá sama tíma sem allar liggja hlið við hlið og mynda þar sem heild. Að geta rannsakað svo heildstætt minjaumhverfi mun auka skilning okkar á þróun landnáms á Vestfjörðum og landinu öllu.

Einingaskrár

Eining nr.	Svæði	Tegund	Lýsing
264	B	Jarðlag	Lag [264] er staðsett í NV enda uppgraftarsvæðisins við mót á gamla skurðinum frá árinu 2015. Jarðlagið er lagskipt, hefði verið hægt að skipta því í 3-4 lög. En greinilegt er að torf/jarðvegur var lagður á milli brennsla í ofninum á svæðinu - inn í og á milli er mikið af gjalli og kolum. Neðst var þunnt (ca. 1 cm) lag sem var grátt og feitt með brenndum beinum. mögulega skorið í torfið á tveimur stöðum en var mjög óljóst. Elsta mannvistalagið á svæðinu, ásamt [265] sem liggur samsíða og sunnar.
401	D	Yfirborðslg	Dökk brúnt yfirborðslag. Nær yfir allt uppgraftarsvæði D. Þétt og rótarmikið. Í yfirborðslaginu innan skálans fundust gjall, nagli og hvítur steinn. Utan skálans virtist vera frekar sterílt kolasmít á stöku stað.
402	D	Blandað jarðlag	Dökkgrábrúnt mjúkt lífrænt jarðlag með mikið af rótum og kolasmít. Hugsanlega myndast vegna foks frá járnvinnslusvæðinu. Lagið var misþykkt en var þykkara í dældum.
403	D	Torfveggur	Þétt dökkbrúnt og fjólublátt kolasmítuð torf með ljósu sendu læfrænu í. Mögulega það sama og [423].
404	D	Eldstæði	Svæðið sem opnað var, er 5 metrar í breidd. Svo virðist sem eldstæðið sé lengra en fimm metrar. Það er með nokkrum sléttum hellum sem eru mjög eldsprungnar. Athyglisvert er hvað lítið var af kolum í eldstæðinu. Mögulega mun koma fram feluhola í vestur enda.
405	D	Gólflag	Kolsvart lag beggja vegna eldstæðis og nær að bekkjum. Brennd bein, undarlega mikið af grjóti í gólfi sem hefur gert gólfið slæmt. Frekar feitt lag, en þunnt allveg við bekk (suður) var nátturulegt lag, mögulega hefur verið timbur þar.
406	D	Torfveggur	Þétt dökkbrúnfjólublátt og appelsínugult leirkennt torflag. Torflagið myndar suður vegg skálans. Í því er töluvert af grjóti [408] og [409] ásamt ytri steinaröð til suðurs af torfi. Það virðist vera eitthvað raskað, annars er [408] og [409] frekar eins og hrun heldur hluti af sjálfum veggnum. Veggurinn er 2 m þar sem hann er breiðastur, annars um 1.8 m að jafnaði, en 5 m á lengd eins og uppgraftarsvæðið nær til.
407	D	Stoðarhola	Stoðarhola austan við stoðarholu [410] með kolamolunum í.
408	D	Steinhrun	Steinhrúga/ hrun austari.
409	D	Steinhrun	Steinhrúga/ hrun vestari.
410	D	Stoðarhola	Stoðarhola vestan við stoðarholu [407]
411	D	Stoðarhola	Grunn stoðarhola austan við stoðarholu [407]. Stoðarholan inniheldur misstóra steina.
412	D	Stoðarhola	Nokkuð hringlaga/ ílöng stoðarhola stungin í gegnum þunnt torflag niður í mól. Stoðarholan er með greinilegar og lóðréttar hliðar og sléttan botn. Stoðarholan er 35 x 25 cm og 9 cm djúp.

413	D	Stoðarhola	Hinglaga stoðarhola greinilega skorin í gegnum torf niður í möl með aflíðandi hliðum og sléttum botn. Stoðarholan er 40 x 40 cm og 12 cm djúp.
414	D	Torf	Þétt milli brúnt torflag sendið torflag með smáum kolarmolum. Þykkt einsleitt torflag með nagla og stein. Gæti verið huti af hruni frá vegg og seti.
415	D	Torf	Þétt ljós- millibrúnt sendið torflag með örlítið af kolum. Jarðlag [415] er staðsett norður af grjóti [408] og austur af samskonar lagi [414]. Á vissum stöðum virðist þetta vera þykkt sendið torf en mjög blandað en ekki einsleitt. Sérstaklega þétt og sendið í norðurhluta í átt að gólfi skálans. Lagið er samtíða [414] í vesturenda. Liggur þétt up við (og ofan á að hluta) dökka og appelsínugula trofinu sem er torfveggur skálans [406].
416	D	Fylling	Fylling í stoðarholu [413]. Frekar laus dökk rauðbrúnn sendin möl. Efst í fyllingunni voru steinar u.þ.b. 5 x 3 cm í bland við möl. Við austur enda var aðeins moldarblanda, gæti mögulega verið úr könnunarskurðinum.
417	D	Fylling	Fylling í stoðarholu [412]. Frekar laus dökk rauðbrún sendin möl. Fyllingin er u.þ.b. 25 x 35 cm og 9 cm djúp.
418	D	Fylling	Fylling í stoðarholu [407] með perlu í.
419	D	Kolalag	Kolalag um stoðarholu [407] - ógrafið.
420	D	Fylling	Fylling í stoðarholu [410]
421	D	Stoðarhola	Lítil stoðarhola við mögulegt op í annað rými. Stoðarholan er með dökkan hring við endana og millibrúna fyllingu.
422	D	Fylling	Fylling í stoðarholu [421]. Stoðarholan er með dökkan hring við endana og millibrúna fyllingu í miðjunni.
423	D	Torf	Þétt dökkbrúnt sendið torflag með ljósum flekkjum og kolasmíti. Mögulega það sama og [403]. Líklega áframhaldandi veggur af [403] til vesturs við op inn í mögulegt annað rými af skálanum.
424	D	Torf	Þétt ljósbrúnt sendið torflag. Ljós torfbunki ofan á lagi [425], líklega hluti af hruni yfir seti. Járn gripur var í laginu.
425	D	Torf	Þétt millibrúnt kolasmítað sendið torflag með ljósum flekkjum. Mögulegt set í norðurhluta skála. Hrun af vegg lyggur yfir laginu. Vax, gjall og járn fannst í laginu.
426	D	Torf	Þétt grá brúnt/svart öskulag með kolamolum. Torflagið var kolasmítað á rönd upp af gólfi og upp að seti [425] og stoðarholum [412] og [413]. Gólflag [405] lyggur undir þessu torflagi. Getur mögulega verið ysta brún á seti þar sem gólf lyggur að eða að því hafi verið bætt við eftirá, eða það hafi veið huti af seti fyrir framan stoðarholurnar.
427	D	Eldstæði	Lítið hringlótt eldstæði sem er staðsett á syðri bekk. Allt í kringum eldstæðið er svört aska. Eldstæðið er 65 cm á breidd í austur til vesturs og 85 cm á breidd í norður-suður. Í eldstæðinu fannst kljásteyn og rétt við eldstæðið var heill snældusnúður. Eldstæðið var fullt af kolum, brenndum beinum og neðst var sléttur steinn. Eldstæðið var greinilega notað til eldunar.

428	D	Fylling	Fylling í eldstæði á bekk. Fyllingin var laus svartur sandur með kolum og brenndum beinum. Eldstæðið var fullt af brenndum kolum með beinum í og var greinilega notað til matreiðslu. Athyglisvert að það var staðsett í setinu. Fyllingin var 40 x 40 cm og 20 cm á þykkt.
429	D	Set	Set í suður enda skálans. Millibrúnt þétt torf með svartri tinnu í setinu.
430	D	Torf	Kolablandað brúnt torflag við stoðarholu [421]
431	D	Torf	Sendið torflag með kolasmíti undir [430].
432	D	Brunalag	Brunalag frá eldstæði [432] er í vesturenda og gengur undir óopnað svæði.
433	D	Torf	Þétt blandað siltað og sendið brúnt torflag með grasrætur. Torflagið var yfir öllum norðurveggnum út að brún í norðri. Í þessu lagi komu fram stór perla og tinnusteinn. Torflagið er nokkuð þykkt.
434	D	Hrun	Hrun úr norður vegg ofan á seti. Ógrafið í miðjum skála.
435	D	Stoðarhola	Hinglaga steinpökkuð stoðarhola í halla niður af gólfi. Með íhvolfdar hliðar en erfitt var að sjá í botninn vegna steina. Stoðarholan er á mörkum gólfs og bekks. Stoðarholan fannst þegar verið var að fjarlægja gólflag. Er í línu með öðrum mögulegum stoðarholum í suðurenda skálans.
436	D	Fylling	Þétt svart kolalag yfir steinum í stoðarholu. Fyllingin var svört eins og gólflag [405] og því erfitt að greina á milli gólflags og fyllingar. með tinnuboti og nagla í.
437	D	Stoðarhola	Hringlaga steinpökkuð stoðarhola á mörkum gólfs og bekks við vesturenda langeldsins. Stoðarholan er undir/ fyrir neðan mögulega stoðarholu [410]. Stoðarholan er steinpökkuð á öllum hliðum en sumt hrunið úr.
438	D	Fylling	Þétt svart sendið kolalag með smáum og stórum steinum. Erfitt er að greina á milli gólflags og fyllingu. Stoðarholan fannst við fjarlægingu gólflags [405].
Hrafnsseyri Einingar 2017			
601	Jarðlag		Svæði J er SV af gamla kirkjugarðinum með ca. 10 cm grasrót. Brúnn jarðvegur og nokkrir fundir (2 x glerbrot og leirkersbrot).
603	Ruslalag		Ruslalag í skurði KB. Dökkgrátt gróft og laust í sér. Mjög ormétið ofarlega en þéttar neðar í fyllingunni. Talsvert af viðarkoli og kolarsmíti í gegnum alla fyllinguna, einnig aðeins af smjörbeini en ekki í varðveitanlegu ástandi. Sumstaðar voru þunnar torflisnur í laginu, en ekki í neinu ákveðnu samhenig. Neðst í laginu var móaska og mikið af brenndu beini. Fáir gripir en þó nokkrir gjallmolar, brennd bein og eitt hugsanlegt múrsteinsbrot og ein skel.
609	Fylling		Þétt grábrún fylling með ljósgráum linsum. Neðst í fyllingu undirgangs var feitara ruslalag með brenndum beinum undir torf linsu úr appelsínugulu torfi sem var þétt, feitt, lífrænt, litríkt og

			með kolum. Þykkast að norðanverðu, ca. 10 cm. Neðst var svo torf með grágrænum flekkjum.
702	Jarðlag		Þétt beikbrúnt feitt jarðlag með kolum. Í skurði L var þetta móöskulag fyrsta lag undir grasrótinni og var um 5 cm þykkt. Undir þessu lagi var svo [703] og í því voru steinar.
703	Kolalag		Svart kolalag undir [702] allt í kringum steinana. Lagið var nær eingöngu kol en þó mátti sjá í því brennd bein (1 cm) sérstaklega í austur enda skurðsins. Lagið var frekar feitt. Líklega tengt kola eða járngerð.

Fundaskrá Auðkúla 2017

Jörð	Rannsóknarnr.	Fundanr.	Tegund	Efni	Tegund lags	Eining númer	Fundardagur
Auðkúla	2017-35	2017-35-1	Gjall	Járn	Yfirborðslag	401	14.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-2	Glerperla	Gler	Eldstæði	404	15.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-3	Gjall	Járn	Yfirborðslag	401	15.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-4	Nagli	Járn	Yfirborðslag	401	15.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-5	Tinnusteinsbrot	Tinna	Eldstæði	404	16.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-6	Járngripur	Járn	Stoðarhola	407	16.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-7	Nagli	Járn	Stoðarhola	407	16.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-8	Tinnusteinsbrot	Tinna	Stoðarhola	407	16.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-9	Tinnusteinsbrot	Tinna	Eldstæði	404	16.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-10	Tálgusteinn	Steinn	Eldstæði	404	16.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-11	Tinnusteinsbrot	Tinna	Eldstæði	404	16.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-12	Steinn	Steinn	Yfirborðslag	401	16.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-13	Steinn	Steinn	Gólfslag	405	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-14	Járn	Járn	Torfveggur	406	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-15	Perla	Gler	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-16	Nagli	Járn	Blandað jarðlag	402	16.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-17	Gjall	Járn	Blandað jarðlag	402	16.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-18	Glerperla	Gler	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-19	Nagli	Járn	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-20	Tinnusteinsbrot	Tinna	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-21	Bein	Bein	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-22	Nagli	Járn	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-23	Nagli	Járn	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-24	Nagli	Járn	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-25	Járn	Járn	Stoðarhola	407	17.8.2017

Auðkúla	2017-35	2017-35-26	Járn	Járn	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-27	Nagli	Járn	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-28	Járn	Járn	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-29	Tinnusteinsbrot	Tinna	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-30	Gjall	Járn	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-31	Nagli	Járn	Stoðarhola	407	17.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-32	Glerperla	Gler	Stoðarhola	407	18.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-33	Steinn	Steinn	Blandað jarðlag	402	18.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-34	Glerperla	Gler	Stoðarhola	407	18.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-35	Nagli	Járn	Jarðlag	264	20.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-36	Járn	Járn	Jarðlag	264	20.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-37	Járn	Járn	Torfveggur	403	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-38	Nagli	Járn	Torfveggur	403	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-39	Nagli	Járn	Stoðarhola	410	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-40	Nagli	Járn	Torfveggur	406	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-41	Steinn	Steinn	Torfveggur	406	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-42	Glerperla	Gler	Torfveggur	403	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-43	Tinnusteinsbrot	Tinna	Torfveggur	403	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-44	Skel	Skel	Torfveggur	403	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-45	Tinnusteinsbrot	Silfurberg	Gólflag	405	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-46	Tinnusteinsbrot	Tinna	Stoðarhola	407	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-47	Brýni	Steinn	Gólflag	405	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-48	Nagli	Járn	Gólflag	405	21.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-49	Glerperla	Gler	Torf	414	22.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-50	Nagli	Járn	Torf	414	22.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-51	Tinnusteinsbrot	Tinna	Torf	415	23.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-52	Bein	Bein	Blandað jarðlag	302	23.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-53	Steinn	Steinn	Torf	414	23.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-54	Nagli	Járn	Torf	415	23.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-55	Gjall	Járn	Blandað jarðlag	301	23.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-56	Járn	Járn	Blandað jarðlag	301	23.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-57	Járn	Járn	Torf	415	23.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-58	Gjall	Járn	Torf	415	23.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-59	Tinnusteinsbrot	Tinna	Torf	424	24.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-60	Óþekkt	Óþekkt	Torf	423	24.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-61	Tinnusteinsbrot	Tinna	Torf	423	24.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-62	Snældusnúður	Steinn	Eldstæði	427	24.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-63	Járnhringur	Járn	Torf	425	24.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-64	Nagli	Járn	Óþekkt	Óþekkt	24.8.2017

Auðkúla	2017-35	2017-35-65	Kljásteinn	Steinn	Fylling	428	24.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-66	Kljásteinn	Steinn	Set	429	24.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-67	Nagli	Járn	Torf	425	25.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-68	Nagli	Járn	Torf	430	25.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-69	Óþekkt	Óþekkt	Torf	430	25.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-70	Steinn	Steinn	Gólflag	405	25.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-71	Tinnusteinsbrot	Tinna	Set	429	25.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-72	Bein	Bein	Gólflag	405	25.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-73	Brýni	Steinn	Brunalag	432	25.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-74	Nagli	Járn	Gólflag	405	25.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-75	Steinn	Steinn	Gólflag	405	25.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-76	Nagli	Járn	Torf	414	23.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-77	Járn	Járn	Torf	426	29.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-78	Hnífur	Járn	Torf	426	29.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-79	Brýni	Steinn	Torf	426	29.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-80	Glerperla	Gler	Torf	426	29.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-81	Kristall	Steinn	Torf	426	29.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-82	Vax	Vax	Torf	426	29.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-83	Kristall	Steinn	Torf	426	29.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-84	Járn	Járn	Torf	426	29.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-85	Tinnusteinsbrot	Tinna	Torf	425	29.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-86	Nagli	Járn	Torf	426	29.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-87	Gjall	Járn	Kolalag	419	30.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-88	Járnexi	Járn	Torf	426	29.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-89	Járn	Járn	Kolalag	419	30.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-90	Steinn	Steinn	Torf	426	30.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-91	Bein	Bein	Torf	426	30.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-92	Gjall	Járn	Torf	425	30.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-93	Gjall	Járn	Torf	423	30.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-94	Gjall	Járn	Stoðarhola	410	30.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-95	Tinnusteinsbrot	Tinna	Stoðarhola	411	30.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-96	Tinnusteinsbrot	Tinna	Fylling	436	30.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-97	Nagli	Járn	Fylling	436	30.8.2017
Auðkúla	2017-35	2017-35-98	Járnhringur	Járn	Óþekkt	Óþekkt	30.8.2017

Hrafseyri	2017-36	2017-36-1	Járn	Járn	Ruslslag	603	7.8.2017	J	Járnbrot
Hrafseyri	2017-36	2017-36-2	Fiskisleggja	Steinn	Ruslslag	603	8.8.2017	J	Helmingur af fiskisleggju
Hrafseyri	2017-36	2017-36-3	Leirker	Leirker	Ruslslag	603	10.8.2017	J	Leirkerjabrot.

Sýnaskrá

Auðkúla 1 Skel 16.8.2017 Skeljaleifar

Auðkúla 2 Sýni úr eldstæði 17.8.2017 Sýni tekið úr austurenda eldstæðis í skála, alveg upp við brún á skurðinum

Auðkúla 3 Sýni úr eldstæði 17.8.2017 Sýni tekið nálægt vesturenda eldstæðis í skála í suðaustur horni stóru sprungnu h

Auðkúla 4 Kol 20.8.2017 Kolasýni frá svæði B. Tekið til aldursgreiningar

Auðkúla 5 Dýra tennur 24.8.2017 4 x brot af glerungi af tönn, mögulega úr sauðfé

Auðkúla 6 Kol 30.8.2017 Sýni úr gólfi í miðjum skála

Sýnishorn af gripum sem fundust sumarið 2017



Mynd 16. Silfurberg.



Mynd 17. Perla líklega 9 öld.



Mynd 18. Snældusnúður innlendur rauður steinn



Mynd 19. Ein af 9 perlum þessi með silfurvír



Mynd 22. Járngripur líklega bolexi sem fannst á norður bekk. Röntkenmynd Þjóðminjasafn Íslands



Mynd 21. Tveggja liða gul



Mynd 20. Einföld kringlótt perla blá

